

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 1. fundur skólanefndar
9. desember 2003

Mættir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Eypór Benediktsson, Sveinn Þór Elinbergsson, Sigríður Finsen, Hrönn Pétursdóttir fyrir hönd menntamálaráðuneytis.

1. Fundur settur

HP setti fundinn og bauð skólanefnd velkomna á sinn fyrsta fund. Mjög ánægjulegt að undirbúningur að stofnun skólans er kominn á þetta stig.

Farið var yfir reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla, skipunartíma nefndar og kosningu formanns.

2. Kosning formanns

Kjartan var einróma kosinn formaður og tók við fundarstjórn í framhaldi.

3. Umsögn um umsóknir í starf skólameistara

Rætt var um þá eiginleika og hæfniskröfur sem gerðar verða til skólameistara, út frá þeim verkefnum sem eru framundan og lýst var þegar starfið var auglýst laust. Nefndin var sammála um að skólameistari þyrfti að vera góður stjórnandi, eldhugi, ekki fastur í gömlu kerfi heldur til í að fara nýjar leiðir, búa yfir sveigjanleika, víðsýni og með hjartað á réttum stað. Hæfur til að markaðssetja skólann til væntanlegra nemenda, foreldrum þeirra og samfélagsins sem slíks. Þarf ennfremur að vera tilbúinn að búa á svæðinu með sinni fjölskyldu.

Átta umsóknir höfðu borist í starfið. Farið var yfir umsóknirnar og rætt um það hverjir teldust hæfastir – út frá stjórnunarreynslu, þekkingu á skólastarfi og reynslu á nýtingu upplýsingatækninnar í skólastarfi.

Ákveðið var að boða Guðbjörgu, Guðrúnu og Sigrúnu í viðtal sunnudaginn 14. desember eftir hádegi. Áætla 40 mínútur með hverjum umsækjanda. HP var beðin um að koma fundum á.

4. Önnur mál

Farið var fram á að HP sæti fundi og ynni með skólanefndinni þangað til hennar þætti í verkefninu lyki.

Fundi slitið.